


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	HSP - 103	Kennsluáætlun Haustönn 2011

Kennari	Próstur Ásmundsson Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	ÞRÁ VAL
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing:


HSP – 103 er kynning á og umfjöllun um nokkur frumhugtök heimspekilegra fræða á borð við rök, sannindi, þekkingu, vísindi og siðferði. Fjallað verður um ýmis sígild vandamál á sviði heimspekinnar og hvernig helstu heimspekingar sögunnar glímdu við þau. Samkvæmt sjálfsskilningi heimspekinnar er hún fyrst og fremst gagnrýnin hugsun sem er aftur undirstaða og kjölfesta allrar fræðimennsku.

Markmið:

Nemandinn á að öðlast þekkingu á meginhugtökum helstu greina heimspekinnar, s.s. frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði og stjórnspeki og um leið nokkra þekkingu á sögulegri þróun þeirra. Leitast verður við að nemandinn taki virkan þátt í umræðum og myndi sér sjálfstæðar skoðanir á viðfangsefnum í anda gagnrýnnar hugsunar. Áhersla verður lögð á verkefnavinnu.

Námsgögn:

Heimspeki eftir Martin Levander (Rvík 1997) (Ljósrit verður til sölu á skrifstofu)
Margvísleg ljósrit með frumtextum eftir einstaka heimspekinga

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	HSP - 103 Kennsluáætlun Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

1- 4. vika: Inngangur. Rökræður og merkingarfræði. Verkefni 1

5- 8. vika : Hvað er raunveruleiki hvað er þekking? Verkefni 2 og kaflapróf 1

9- 13. vika : Hvernig eiga menn að breyta? Hugmyndir heimspekinga um tilgang lífsins. Verkefni 3 og kaflapróf 2

14-16. vika : Heimspeki og stjórnámál. Verkefni 4 og kaflapróf 3

Námsmat og vægi námsþátta:

Skrifleg verkefni gilda 55%

Kaflapróf gilda 45%

Nemendur verða að skila öllum verkefnum og taka öll próf til að þeir teljist hafa staðist áfangann.

Lágmarkseinkunn má ekki vera lægri en 5 til þess að nemandinn teljist hafa staðist áfangann.

Verði nauðsynlegt að gera breytingar á einstökum þáttum þessarar kennsluáætlunar verður það tilkynnt með góðum fyrirvara.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils